

Mánudaginn 19. desember 1988.

Nr. 181/1988. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Einari Sigurjónssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp. Skjalafals. Þjófnaður. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason og Haraldur Henrysson settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 með áfrýjunarstefnu 30. maí 1988. Dómkröfur ákærvalds eru þær, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir alla ákæru-liði og dæmdur til refsingar, sem verði þyngd frá hinum áfrýjaða dómi, svo og til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar, þar með talinna saksóknarlauna til ríkissjóðs. Krafist er staðfestingar á því ákvæði héraðsdóms, að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 komi með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar, svo og á niðurstöð-um héraðsdóms um greiðslu skaðabóta og greiðslu sakarkostnaðar í héraði að öðru leyti en því að skaðabætur til Brynjólfs hf. verði ákveðnar 45.251,00 króna.

Verjandi krefst þess, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsing-
ar sem lög frekast leyfa og mótmælir hækkun skaðabóta til Brynj-
ólfs hf. Hann krefst málsvarnarlauna, auk söluskatts, að mati
Hæstaréttar.

I.

Ákærði kom fyrir sakadóm Njarðvíkur 30. ágúst 1987 og viður-
kenndi að hafa stungið Ingólf Ómar Þorsteinsson með hnífi í brjóst-
ið. Sagði ákærði þá hafa verið að rífast en ekki geta munað tilefnið.
Minnti hann, að Ingólfur Ómar hefði setið á stól þegar hann stakk
hann. Ákærði skýrði svo frá, að er hann veittist að Ingólfi Ómari
hefði Ingólfur reynt að veita mótspyrnu og grípa um hægri handlegg
ákærða en það ekki tekist. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu

10. september 1987 skýrði ákærði frá á sömu leið. Eftir honum var þá orðrétt tekið upp í lögregluskýrsluna: „Ég ætlaði að stinga manninn. Ég man ekki til þess að hafa miðað á neinn ákveðinn stað. Mig minnir að ég hafi verið búinn að vera eitthvað með hnífinn í hendinni áður en ég stakk Ingólf Ómar. Ég var búinn að munda hnífinn áður en ég lagði til Ingólfs Ómars en ég man ekki hvort ég sagði eitthvað við hann varðandi hnífinn.“ Ekki kvaðst hann hafa hugsað út í afleiðingar þess að stinga Ingólf Ómar, þegar hann var ákveðinn í að stinga hann. Við þessa yfirheyrslu var ákærði spurður um þau unnmæli hans við handtöku, sem lögreglumenn hafa eftir honum og rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms. Bókað svar hans er svohljóðandi: „Þetta er rétt. Ég man eftir því að ég sagði þetta.“

Hinn 3. nóvember 1987 lýsti ákærði því yfir við lögregluyfirheyrslu, að skýrsla sú, sem tekin var af honum 10. september 1987, væri rétt. Kæmi þar allt fram, sem hann myndi eftir þessu máli, og hefði hann engu þar við að bæta.

Er ákærði kom fyrir dóm eftir útgáfu ákæru kvaðst hann ekki muna allt það er hann hafði borið við fyrri yfirheyrslur. Allt að einu má leggja fyrri framburði hans fyrir dómi og við lögregluyfirheyrslur til grundvallar við mat á refsinsæmi verknaðar hans. Verður að telja, að ásetningur ákærða hafi verið að leggja til Ingólfs Ómars, er hann sveiflaði hnífnum fyrir framan hann og konu þá er þarna var og hljóp eftir hjálp. Hlaut ákærða að vera það ljóst, að lífsháski stafaði af atlögu hans, sem hann fylgdi fast eftir, svo sem marka má af skurðsári í greip vinstri handar hins látna. Staðfestir það framburð ákærða fyrir dómi 11. janúar 1988 um átök þeirra um hnífinn.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta þá niðurstöðu, að ákærði hafi unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1946.

II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um brot það er greinir í II. kafla ákæru, svo og um þau brot er greinir í III. kafla ákæru að öðru leyti en hér segir:

a) Ákærða er gefið að sök að hafa brotist inn í lögmannsstofu

í Hafnarfirði og stolið þaðan 14 tékkheftum. Er þetta talið varða við 244. gr. almennra hegningarlaga. Í fórum ákærða fundust 12 notuð tékkhefti, er ekki höfðu fjárgildi. Ákærði kveðst að vísu hafa tekið 14 tékkhefti á skrifstofunni og hafa fleygt tveimur þeirra með tékkaeyðublöðum, er í þeim voru. Engin rannsókn fór fram um sannleiksgildi þessarar frásagnar ákærða og verður ekki á henni byggt. Eins og málflutningi fyrir Hæstarétti var háttað þykir, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, mega sakfella ákærða samkvæmt þessum lið ákæru fyrir tilraun til þjófnaðar, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

b) Er ákærði braust inn hjá Brynjólfi hf. að morgni 29. ágúst 1987 stal hann launaumslögum nokkurra starfsmanna félagsins með peningum í. Í herbergi hans fundust 4.856,00 krónur sem hann kvað vera eftir af þeim peningum, sem hann tók þarna. Peningum þessum var skilað. Þá kom fram, að einum starfsmanni félagsins hafði verið afhent launaumslag án þess að hann kvittaði fyrir því. Í bótakröfu er tekið tillit til þessa. Ekki hafa verið teknar skýrslur af þeim starfsmönnum félagsins sem þarna áttu launaumslög og því ekki útilokað að fleiri hafi fengið afhent laun sín án kvittunar. Við þessar aðstæður er ekki sannað að ákærði hafi slegið eign sinni á meira fé en hann heldur sjálfur fram. Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skaðabótakröfu Brynjólfs hf.

c) Lög um dómvexti féllu úr gildi 14. apríl 1987 við gildistöku vaxtalaga nr. 25/1987 og verða Mjólkursamsölunni dæmdir vextir svo sem greinir í dómSORði.

III.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr., sbr. 71. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi 14 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga skal gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 koma refsingu hans til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðbætur ber að staðfesta að öðru leyti en varðar vexti til Mjólkursamsölunnar.

Staðfesta ber niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað í héraði og dæma ákærða til greiðslu alls áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talinna saksóknarlauna til ríkissjóðs og málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti svo sem greinir í dómSORði.

Skipaður verjandi ákærða gerir kröfu um söluskatt auk málsvarn-
arlauna. Samkvæmt 143. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opin-
berra mála skulu saksóknarlaun til ríkissjóðs og þóknun skipaðs
verjanda ákveðin eftir tiltekinni fjárhæð í dómi. Eru fjárhæðir
þessar dæmdar án söluskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Sigurjónsson, sæti fangelsi 14 ár. Til frádrátt-
ar komi gæsluvarðhald hans óslitið síðan 30. ágúst 1987.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur eru staðfest, þó þannig
að á kröfu Mjólkursamsölnunnar falli ársvextir sem hér segir:
14% frá 3. júlí 1987 til 11. júlí s.á., en síðan 15% frá þeim
degi til 11. september s.á., 16% til 21. s.m., 17% til 11. októ-
ber s.á., 19% til 1. nóvember s.á., 21,5% til 21. s.m., 22%
til 1. febrúar 1988, 23% til 21. s.m., 22% til 1. mars s.á., 20%
til 1. júní s.á., 22% til 11. s.m., 24% til 21. s.m., 26% til
21. ágúst s.á., 25% til 1. september s.á., 12% til 11. október
s.á., 9% til 21. s.m., 7% til 21. nóvember s.á., 6% til 1. desem-
ber 1988 og loks 4% ársvextir frá þeim degi til greiðslu-
dags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin
saksóknarlaun til ríkissjóðs, 60.000,00 krónur, og laun skipaðs
verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar
hæstaréttarlögmanns, 60.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Njarðvíkur 26. febrúar 1988.

Ár 1988, föstudaginn 26. febrúar, er í sakadómi Njarðvíkur, sem haldinn
er í dómshúsi Vatnsnesvegi 33, Keflavík, kveðinn upp dómur í máli nr.
3848/1987: Ákærvaldið gegn Einari Sigurjónssyni sem tekið var til dóms
5. sama mánaðar.

Með ákæru ríkissaksóknara, dags. 23. nóvember 1987, var opinbert mál
höfðað á hendur Einari Sigurjónssyni, lögheimili Selvogsgötu 16, Hafnar-
firði, nú gæslufanga Vinnuhælinu Litla-Hrauni, „fyrir eftirtalin hegningar-
lagabrot:

Manndráp.

Ákærða er gefið að sök að hafa laugardaginn 29. ágúst 1987, laust eftir kl. 19:00, svipt Ingólf Ómar Þorsteinsson, fæddan 27. desember 1961, lífi með hnífstungu í hjartað, þar sem þeir voru staddir í herbergi á 2. hæð í verbúð Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík.

Telst þetta varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Skjalafals.

Þá er ákærða gefið að sök að hafa seint í ágúst 1986 falsað nafnið Gunnar Finnsson sem útgefanda á tékka á eyðublaði nr. 966393 frá Alþýðubankanum hf., Laugavegi 31, Reykjavík, að fjárhæð kr. 2.500,00, dagsettan 30/8 1986 og notað tékkann til að greiða leigubifreiðarstjóra fyrir akstur. Tékkinn er gefinn út til handhafa með reikningsnúmerinu 1173 og var eyðublaðið stolið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þjófnaðarbrot.

Loks eru ákærða gefin að sök eftirgreind þjófnaðarbrot á árinu 1987:

1) Aðfaranótt mánudagsins 11. maí stolið gullúri með gullarmbandi og sjónvarpsfjarstýringu í íbúð að Bergstaðastræti 11b í Reykjavík.

2) Sömu nótt reynt að brjótast inn í úrsmíðaverslun Franch Michelsen að Laugavegi 39, Reykjavík, í þjófnaðarskyni.

3) Aðfaranótt laugardagsins 20. júní brotist inn í lögmannsstofu Strandgötu 21, Hafnarfirði, og stolið þar 14 tékkheftum.

4) Aðfaranótt sunnudagsins 28. júní brotist inn í húsakynni Osta- og smjöröslunnar að Bitruhálsi 2 í Reykjavík í leit að verðmætum í þjófnaðarskyni, rótað þar til og valdið miklum skemmdum.

5) Aðfaranótt miðvikudagsins 1. júlí brotist inn í húsakynni Mjólkursamsölnunnar og Kistufells að Brautarholti 16 í Reykjavík og stolið í húsakynnum Mjólkursamsölnunnar Pentax-ljósmyndavél, vínflösku og tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 20.000,00 og hinum án fjárhæðar, en ákærði fyllti hann út með fjárhæðinni kr. 3.000,00 og notaði þannig.

6) Aðfaranótt föstudagsins 3. júlí brotist inn í húsakynni sömu aðila að Brautarholti 16 og stolið frá Mjólkursamsölnunni tékkhefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, með upp undir 20 ónotuðum eyðublöðum, svo og einum hnifi.

7) Aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst brotist inn í Prentstofuna,

Hverfisgötu 32, Reykjavík, og stolið þar myndbandstæki af gerðinni Beta Universum og sambygðum hljómflytningstækjum af gerðinni Silver.

8) Laugardaginn 29. ágúst brotist inn í fiskverkunarhús Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík, og inn í skrifstofu þar og stolið samtals kr. 50.107,- úr launaumslögum.

Þykja framangreind brot ákærða í þessum kafla varða við 244. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 20. gr. sömu laga, hvað varðar liði 2 og 4.

IV.

Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, þar sem þeirra er krafist, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Ákærði er fæddur 20. apríl 1964 í Hafnarfirði. Hann hefur samkvæmt sakavottorði sæst 23 sinnum á greiðslu ölvunarsekta, í fyrsta sinn 12.8. 1980. Sakaferill hans er að öðru leyti sem hér segir:

- 1983: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarl. Ákæru var frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 8.6. 1983.
- 1984: Dómur: 20 daga fangelsi skb. í 3 ár og 9.000,- kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1984: Áv. og fikn. Sátt: 3.000,- kr. sekt f. brot g. 2, sbr. 5. og 6. gr. l. 5, 1974, sbr. l. 60, 1980, sbr. 9. gr. l. 75, 1982 og 2. sbr. 10. gr. rg. 390, 1974, sbr. 77. gr. hgl.
- 1984: Dómur: 60 daga fangelsi f. brot g. 248. gr. sbr. 1. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 254. gr. hgl.
- 1985: Dómur: 60 daga fangelsi f. brot g. 244. gr., 248. gr. og 248. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.
- 1985: Dómur: 30 daga fangelsi f. brot g. 244. gr. hgl.
- 1986: Dómur: 2 mán. fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.
- 1986: Dómur: 5 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 244. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.
- 1986: 12/9 Dómur: 20 daga fangelsi f. brot g. 1. mgr. 155. gr. hgl.
- 1987: Dómur: 4 mán. fangelsi f. brot g. 244. gr. og 244. gr. (sic), sbr. 20. gr. hgl.
- 1987: Dómur: Sakfelldur f. brot g. 1. mgr. 155. gr. og 244. gr. hgl. Ekki gerð sérstök refsing. Hegn.auki.

Í dómi þessum verður fylgt kaflaskipan ákæruskjals við lýsingu mála-vaxta samkvæmt framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins. Í IV. kafla verður greint frá niðurstöðum geðheilbrigðisrannsóknar. Í V. kafla verður gerð grein fyrir atriðum er varða rannsókn málsins. Loks verður í VI. kafla skýrt frá niðurstöðum dómsins og afstaða tekin til krafna ákæruvaldsins.

þau komu að verbúð Brynjólfs hf. 2006-07-28 11:00:00

B. $\frac{1}{2} \times \frac{1}{2} = \frac{1}{4}$

Laugardaginn 29. ágúst 1987, kl. 19:17, var hringt á lögreglustöðina í Keflavík og óskað skjótrar aðstoðar að verbúð Brynjólfs hf., Innri-Njarðvík, vegna manna er slægjust þar með hnífum. Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri og lögreglumennirnir Magnús Ingi Jónsson og Jóhannes Albert Kristbjörnsson óku þegar á vettvang með aðvörunarljós lögreglubifreiðar tendruð. Sóttist þeim ferðin greiðlega og munu þeir hafa verið 3 - 4 mínútur á leiðinni. Þeir hittu fyrir Björn Ágúst Jónsson, yfirverkstjóra hjá Brynjólfi hf., sem kvaðst hafa tilkynnt um atburðinn, og Thelmu Michele Cherry, „Vatnsnesvegi 5, Keflavík, en dvelur lengstum að Laugavegi 51B, Reykjavík“ (til heimilis að Hópi, Grindavík, 15. janúar 1988, er hún gaf skýrslu

fyrir dómi). Visuðu þau lögreglumönnum á hurð að stigagangi, er liggur að íbúð ákærða og öðrum verbúðarherbergjum. Hún var læst og dírkaði Björn Ágúst hana upp. Í herbergi á annarri hæð var Ingólfur Ómar í sitjandi stellingu á gólfinu upp við borð milli tveggja svefnbekkja. Sneri vinstri hlið skáhallt að dyrunum. Ekkert lífsmark var með honum. Skurðsár var á vinstri hönd og stungusár á brjóstholi.

Í skýrslu Stefáns Thordersen greinir frá því, að gallaskyrta hins látna hafi verið blóðug og blóðblettir á gólfi þar sem hann hafði setið og á svefnbekki. Nánar er aðstæðum á vettvangi ætlaðs brots og atvikum að handtöku ákærða lýst þannig:

„Á borði milli tittnefndra svefnbekkja lá flókunarhnífur með svörtu skefti. Var blóð á hnífblaðinu að skeptinu. Inni í herberginu var allt á rúi og stúi líkt og átök hefðu átt sér stað þar.

Mikill áfengisþefur var þarna inni og plötuspilari, sem inni í herberginu var, var í gangi. Engin hljómplata var á skífu þeirri sem ætluð er fyrir þær heldur lá hljómplata á gólfi við borð sem plötuspilariinn var á. Á eldhúsgólfi lágu gallaföt, kveikt var á hellu á eldavélinni og virtist sem hellan væri orðin mjög heit. Rífið dagblað með brunnum enda lá á eldhúsborði.

Eftir að við vorum komnir upp í herbergi verbúðarinnar veittum við hinum grunaða, Einari Sigurjónssyni, ekki athygli en stuttu síðar birtist hann allt í einu og var hann tekinn og færður í járn. Hann virtist vera mikið undir áhrifum áfengis. Hann var klæddur ljósbrúnum stuttbuxum og var blóðblettur á hægri skálminni. Á hægri læri var umvafið hvítt plastteip og virtist okkur vera stungufar eftir sprautunál rétt neðan við teipið.“

Stefán Thordersen kveður sjúkrafíreid hafa komið á staðinn um 5 mínútum síðar með sjúkraflutningamennina Ingimar Guðnason og Hjörleif Ingólfsson. Ingimar hafi skoðað Ingólf Ómar og talið hann vera látinn, en kl. 19:45 - 19:50 hafi Hreggviður Hermannsson heilsugæslulæknir komið og úrskurðað hann látinn. Skömmu síðar kom John Hill rannsóknarlögreglumadur (lögreglufulltrúi í Keflavík) og tók ljósmyndir af vettvangi. Einnig voru lögreglumennirnir Gunnar Aðalsteinn Björnsson og Hjörtur Davíðsson kvaddir til aðstoðar.

Hinn látni var því næst fluttur í líkhús Sjúkrahúss Keflavíkur. Farið var með ákærða og Thelmu Michele í fangaklefa lögreglustöðvarinnar í Keflavík. Þeim voru tekin blóðsýni til alkóhólransóknar kl. um 21:45.

Að kvöldi umrædds dags gerði Magnús Ingi Jónsson vettvangsupprátt, sem ekki var nákvæmur eða í réttum stærðarhlutföllum. Var það að fyrir lagi Stefáns Thordersen, sem taldi ekki þörf nákvæmrar teikningar af hálfu Magnúsar Inga því að rannsóknarlögreglan í Keflavík mundi annast um slíkt sem og rannsókn málsins að öðru leyti.

John Hill lögreglufulltrúi hafði samband við skrifstofur Rannsóknarlög-

reglu ríkisins kl. um 11:00 sunnudaginn 30. ágúst og skýrði frá því, sem gerst hafði. Rannsóknarlögreglustjóri ríkisins ákvað síðan að höfðu samráði við bæjarfógetann í Keflavík, að Rannsóknarlögregla ríkisins yfirtæki rannsókn málsins. Fór hann kl. um 13:30 til Keflavíkur ásamt Ragnari Vigni aðstoðaryfirlögregluþjóni, Sigurbirni Víði Eggertssyni lögreglufulltrúa og rannsóknarlögreglumönnum Bjarna Jóhanni Bogasyni og Gísla Pálssyni. Lögreglan í Keflavík annaðist vörslu á vettvangi þar til rannsóknarlögreglu-mennirnir komu.

C.

Björn Ágúst Jónsson gaf skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Keflavík að kvöldi laugardagsins 29. ágúst 1987 og síðar einnig fyrir dómi. Daginn eftir yfirheyrði Sigurbjörn Víðir Eggertsson Thelmu Michele Cherry og ákærða, sem einnig var yfirheyrður af dómara sama dag.

Thelma Michele gaf að nýju skýrslu við dómsrannsókn málsins. Að sinni skal þess eins getið að hún var ekki sjónarvottur að voðaverki því, sem um ræðir í málinu, en hins vegar aðalvitni um aðdraganda þess.

Við framangreindar yfirheyrslur yfir ákærða voru meginatriði framburða hans þessi:

Hann var í herbergi sínu í verbúðinni ásamt Ingólfi Ómari Þorsteinssyni og Thelmu Michele Cherry. Þau mjög öluð. Milli ákærða og Ingólfs Ómars upphófst rifrildi, án þess að tilefni yrði munað, en þeir höfðu þekkt lengi og deilur eða illindi ekki orðið með þeim umfram það, sem „gengur og gerist“. Hann var kominn með hnif í hægri hönd og stakk Ingólf Ómar í brjóstið. Þeir voru þá einir í íbúðinni og kvað ákærði sig minna, að Ingólfur Ómar hefði setið á stól. Hann veitti mótspyrnu er ákærði veittist að honum og reyndi án árangurs að gripa um hægri handlegg hans. Er ákærði hafði stungið Ingólf Ómar fór hann í annað herbergi á sömu hæð, horfði út um glugga og sá þegar lögreglumenn þustu að húsinu.

Vitnið Björn Ágúst Jónsson framleiðslustjóri, Laxakvísl 2, Reykjavík, var yfirverkstjóri hjá Brynjólfi hf., er atburðir máls þessa urðu og hafði íbúð að Njarðvíkurbraut 46 B.

Björn Ágúst kvaðst hafa farið inn í íbúð ákærða kl. um 17:00 umræddan laugardag vegna þess að grunur hefði fallið á hann um fyrrgreint innbrot. Útihurð og hurð að stigauppgangi að íbúð ákærða hafi verið ólæstar. Aðkomu í herbergið lýsti hann svo, að þar hefði allt verið á rúu og stúi og m.a. lausar sessur á gólfinu. Tveir svefnbekkir hafi verið þar. Þeir hafi staðið saman og svo vírst sem þar hefðu tvær manneskjur sofið. Hann skýrði svo frá að skömmu fyrir kl. 19:00 hefði hann verið á förum heiman frá sér. Þegar hann er kominn út á tröppurnar kemur ung kona, þó nokkuð mikið drukkin, hlaupandi til hans og biður um hjálp af því að það séu

menn að slást í verbúðunum. Hún biður hann grátandi að koma undireins, þeir séu að berjast með hnifum og „ætla að drepa hvörn annan“. Hann kvaðst þegar hafa hringt í lögreglu og hlaupið síðan yfir í verbúðina, 50 - 60 metra. Hurðin upp í íbúðina hafi reynst vera læst. (Á henni var húnn með læsingarsnerli að innanverðu.) Hann kvað ákærða ekki hafa svarað itrekuðum köllum og engin merki verið um mannaferðir. Hann kvaðst hafa hlaupið yfir í íbúð í sama húsi, fengið þar borðhníf til að dirka upp hurðina og komið aftur til baka að dyrunum um leið og þeir lögreglumenn. Björn Ágúst og Thelma Michele voru um stund í skrifstofubyggingu Brynjólfs hf. í umsjá lögreglumanns. Hún sagði þá frá atburðum dagsins, en var mjög æst. Björn Ágúst kvaðst hafa hitt þau saman, stúlkuna og ákærða, í Glaumbergi kvöldið áður og hefði ákærði kynnt hana fyrir sér sem kærustu sína. Hann kvað þau hafa verið nokkuð drukkin, en tók fram að viðmót ákærða gagnvart sér hefði sem endranær verið gott og framkoma hans eðlileg. Kvað hann ákærða hafa reynst afbragðs starfsmann þá 2 mánuði, sem hann hefði verið í þjónustu Brynjólfs hf.

D.

1. Ragnar Vignir og Bjarni Jóhann Bogason segja meðal annars svo í skýrslu um rannsókn á vettvangi:

Rannsóknarlögreglumennirnir tóku ljósmyndir á vettvangi og gerðu af honum uppdraetti. Einnig skoðuðu þeir ákærða og ljósmynduðu. Hann var ekki með skurðsár eða aðra nýja áverka en hins vegar ýmis gömul ör. Hann kveinkað sér, er tekið var á hægri úlnið hans og kvaðst vera með cymslí þar.

Af ítarlegri lýsingu rannsóknarlögreglumanna á eldhúsi, hnifi, sem var á sófaborði í herbergi ákærða, og fatnaði hans verður eftirfarandi tilgreint:

Eldhús.

Í skúffu voru 5 hnifar, þar af 3 flökunarhnifar með svörtu skefti. Á gólfi við gluggavegginn var rakt, blóðugt handklæði og blóðblettir á vaskbrún og á gólfi framan við vaskinn.

Hnifur.

Flatningshnifur með svörtu skefti, vel beittur. Heildarlengd 27,2 cm. Lengd blaðs 13,8 cm og mesta breidd 25,5 mm. Blaðið var blóðugt 11,5 cm frá oddi og efst á því fita.

Fatnaður.

Blóð var á stuttbuxum ákærða, m.a. 7,5 cm langur blóðtaumur á hægri skálm framanverðri. Aftan á buxunum voru litlir blóðblettir, aðallega á vinstri skálm.

Mánudaginn 31. ágúst kl. um 13:30 var komið með lík Ingólfs Ómars Þorsteinssonar í líkhús rannsóknarstofu Háskóla Íslands við Barónsstíg. Í skýrslu rannsóknarlögreglumanna um skoðun líks og fatnaðar segir m.a. svo: „Mittisúlpa: ... Stungugat er á hægri boðung í gegn, við rennilás 10 cm fyrir neðan hálsnál. Gatið mælist 21 mm að lengd. Það hallar um 45 gráður miðað við lóðréttan saum við rennilás... Skyrta: ... Brún boðungs, sú sem er að innan þegar skyrtunni er smellt saman að framan, er með skurði sem mælist 6 mm langur. Hann hallar eins og stungugatið á mittisúlpunni. Skurðurinn mælist 19 cm frá tölunni í hálsnáli. Samkvæmt þessu virðist skyrtan hafa verið ósmellt, opin, þegar skurðurinn kom í boðunginn og gegnum mittisúlpuna...”

Gunnlaugur Björn Geirsson, prófessor í réttarlæknisfræði, annaðist krufningu á líkinu. Í skýrslu hans greinir m.a. eftirfarandi:

„Á líkinu sjást eftirfarandi áverkar: Á ofanverðum brjóstvegg 2 cm frá miðlinu er sár, sem mælist 1,9 cm að lengd og 0,7 cm að breidd. Situr dál. blóðstorka í sárinu. Blóð er á hörundi umhverfis. Í vi. greip er skurðsár, sem mælist 7,5 cm á lengd og gapir það nokkuð eða 1,5 cm þar sem mest er. Hefur hörundið verið sprett í sundur og sér í vöðva undir. Minni háttar hrufli er á hnúum vísi- og baugfingurs ásamt skurðfari eftir hring þann, sem lýst er á hæ. baugfingri. Það örlar einnig fyrir hrufli á hnúa vi. handar. Nýleg rispa er á neðanverðum kviðvegg ofan við nárann, 4,5 cm að lengd, og byrjar hún hliðlægt með dál. stungu í hörundið en grynkar nær miðlinu. Smávegis mar er á hné hæ., innanverðu. Þegar meginslagæð er opnuð sést að stunga sú, sem lýst er framan og ofan til á hjartanu á mótum meginslagæðar til lungna, hefur gengið í gegnum bakvegg pulmonal æðarinnar, inn í meginslagæðina og er þar 1 cm rífa. Blæðingar eru í mjúkvefjum í kring. Heildarlengd stungusársins er u.þ.b. 12 cm frá yfirborði og samsvarar því að það hafi verið veitt með oddhvössu áhaldi, smámjókkandi fram í oddinn. Þannig má sjá að áverkinn endar í fituvefnu við rætur meginslagæðar.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar reyndist etanól 3.3‰ í blóði og 4.1‰ í þvagi. Ekki fundust kannabínóíðar né amfetamín.

Ályktun:

Samkvæmt því, sem fram kemur úr lögregluskýrslum, svo og því er fannst við krufningu og réttarefnafræðilega rannsókn, má álykta að maðurinn hafi látist af völdum blæðingar úr stungusári, sem gekk í gegnum hjarta og meginslagæðar. Lögun og dýpt stungusársins getur komið heim við hníf

þann, sem fannst á vettvangi og er í vörslu Rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann var mjög ölvaður er hann lést.“

Samkvæmt vottorðum Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði reyndist alkóhólmagn í blóði ákærða vera yfir 3‰, en í blóði Thelmu Michele Cherry 1,72‰.

Niðurstaða blóðflokkagreiningar, sem framkvæmd var að tilstuðlan Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði í The London Hospital Medical College, varð sú: „... að í þeim kerfum, sem auðið var að rannsaka, reyndist blóðflokkurinn sá sami í sýnunum fjórum, sem send voru af rannsóknarlögreglunni (hnífi, skyrtu Ingólfs Ómars, gallabuxum Ingólfs Ómars og stuttbuxum Einars Sigurjónssonar), eða O-blóðflokkur. Hins vegar er Einar Sigurjónsson í A-blóðflokki.“

2. Lögreglumenn þeir, sem nefndir hafa verið hér að framan, sjúkraflutningamenn, læknir og prófessor í réttarlæknisfræði hafa borið vætti við dómpróf málsins og, eftir því sem við á, staðfest skýrslur sínar, ljósmyndir og skýringartexta þeirra, vettvangsupprætti og vottorð.

Vitnið Gunnlaugur Björn Geirsson prófessor var inntur álitis varðandi ákomur á líki Ingólfs Ómars (hrúfl, rispu og mar), hvort líklegt væri að þær hefðu komið sama dag og maðurinn lést. Hann treysti sér ekki til að svara þessu vegna þess hve langt var um liðið frá andlátinu er honum gafst tækifæri til líkskoðunar, þ.e. 31. ágúst eða sama dag og tæknimönnum Rannsóknarlögreglu ríkisins. Vegna þessarar tafar kvað hann ekki heldur hafa reynst unnt að flokkagreina blóð sem tekið var úr líkinu. Hann kvaðst þegar mundu hafa komið á vettvang, hefði hann verið tilkvaðdur eins og venja sé á lögsöguvæði Rannsóknarlögreglu ríkisins, þegar slíkir atburðir gerast.

Við athugun vettvangsuppráttar og ljósmynda af herbergi ákærða verður ljóst, að á tímabilinu frá komu lögreglunnar í Keflavík til þess er rannsóknarlögreglumennirnir komu á vettvang hafði ruggustóll, sem stóð á milli hljómtækjaborðs og svefnbekkjar, verið færður í norðurhorn herbergisins, á hvolf, og var sessa úr honum í vesturhorni.

Vitnið Stefán Thordersen aðstoðarvarðstjóri greindi frá því, að hann hefði komið fyrstur lögreglumanna inn í herbergi ákærða. Hann kvaðst ekki hafa greint lífsmark með Ingólfi Ómari, sem sat á gólfinu með höfuð hallandi niður og til hliðar. Á skyrtubríjosti var blóð og hjartsláttur fannst ekki á hálsi eða þúlsi. Hann kvaðst hafa hent ruggustóli upp á svefnbekk til að geta lagt Ingólf Ómar niður. Er hann hafði gert það, heyrðist frá honum andvarp (andvörp), en eftir það varð ekki vart neinna lífsmerkja. Einnig kvaðst hann hafa tekið sessur, sem lágu á við og dreif um herbergið og sett undir fætur Ingólfs Ómars. Hann kvaðst síðan hafa fyrirskipað lögreglumönnum Jóhannesi Alberti Kristbjörnssyni og Magnúsi Inga

Jónssyni að leita að hinum manninum, sem sagður hafði verið á sömu hæð hússins.

Vitnið Ingólfur Guðnason sjúkraflutningamaður skýrði svo frá, að er hann kom á vettvang hefði legið þar maður, og við könnun hvorki fundist frá honum andardráttur né púls verið greindur. Í herberginu hefði „allt vírst vera á öðrum endanum og greinilega eftir átök“. Minnti hann að hann hefði í fátí fært stól, sem stóð við höfuð líksins; lyft honum í horn herbergisins.

Vitnið Magnús Ingi Jónsson lögreglumaður kvað þá Jóhannes Albert ekki hafa fundið „hinn manninn“ í fyrstu og hefði hann þá farið út fyrir húsið, en er hann kom inn aftur hafi Jóhannes Albert verið búinn að handjárna ákærða í miðherbergi þeirra þriggja, sem eru á vinstri hönd, þegar komið er upp á efri hæð verbúðarbyggingarinnar.

Vitnið Jóhannes Albert Kristbjörnsson lögreglumaður kvað þá Magnús Inga ekki hafa fundið neinn í verbúðinni í fyrstu. Stuttu síðar hafi ákærði komið úr austasta herberginu við suðvesturhlíð verbúðarinnar inn í miðherbergið. Hann hafi gengið reikult og ekki vírst átta sig á því að lögreglan var á staðnum fyrr en þegar verið var að handjárna hann. Hann kvað ákærða ekki hafa vírst vera miklu meira en göngufæran eða færan um að taka neinar ákvarðanir.

Í frumlögregluskýrslu eru tilgreind ummæli ákærða. Annars vegar er haft eftir John Hill lögreglufulltrúa að ákærði hafi spurt hann á vettvangi „hvort hann væri ekki dauður þessi andskoti“. Hins vegar að hann hafi sagt við Gunnar Aðalstein Björnsson lögreglumann er verið var að flytja hann til lögreglustöðvar: „Er hann ekki dauður þetta helvítis fiðl? Ég vona það.“

Vitnið John Hill lögreglufulltrúi kvaðst hafa reynt að tala við ákærða þar sem hann lá í herberginu, sem hann hafði verið handtekinn í. Hann hafi ekki ansað í fyrstu og vírst hálf-rænulaus en síðan viðhaft tilgreind ummæli.

Vitnið Hjörtur Davíðsson kvaðst hafa setið einn hjá ákærða í „búri“ lögreglubífreiddar, sem flutti hann brott frá vettvangi til lögreglustöðvar. Staðfesti hann að ákærði hefði þá viðhaft ummæli þau, sem áður greinir.

Ákærði kvaðst við yfirheyrslu fyrir dómi ekki muna eftir að hafa viðhaft tilvitnuð ummæli við Hjört Davíðsson, en: „Ég man að ég var eitthvað að öskra á þá þarna uppi þegar þeir komu.“

E.

Sigurður Ásgeirsson bifreiðastjóri, Holtagerði 39, Kópavogi, ók leigu-bifreiðinni frá Reykjavík til Njarðvíkur í umrætt sinn (sbr. kafla I, A). Hann kvað þann sem sat frammi í bifreiðinni (ákærða) hafa verið æstan

í skapi frá upphafi ferðar. Af minnsta tilefni hafi hann verið með alls kyns hótanir við samferðafólkið og nokkrum sinnum hótað að drepa einhvern. Kvaðst hann ítrekað hafa þurft að stöðva bifreiðina vegna þess að ákærði ætlaði að reka einhvern út. Hann kvað ákærða og „háa manninn“ (Ingólf Ómar) hafa eitthvað verið að kýtast í Hafnarfirði, en það hafi jafnast og þeir talað um að þeir væru alltaf vinir. Er suður fyrir Hafnarfjörð kom, hafi þeir sofnað, enda verið orðnir mjög ölvadir, en stúlkan (Thelma Michele), sem sat við hlið Ingólfs Ómars, hafi ekki virst mjög ölvuð. Hann kvað ákærða hafa vaknað skömmu áður en komið var að Grindavíkureginum. Hann hafi umhverfst af reiði er hann sá að Ingólfur Ómar hallaði sér að stúlkunni og hótað tvisvar á þeim hluta leiðarinnar sem eftir var að henda þeim út úr bifreiðinni og jafnframt viðhaft hótun um að drepa. Hann kvað stúlkuna hafa svarað ákærða en Ingólf Ómar ekkert hafa sagt.

Vitnið Sigurbjörn Þorsteinsson iðnverkamaður, Hólabraut 5, Hafnarfirði, var vinur Ingólfs Ómars og höfðu þeir farið saman á Hótel Borg, en ekki þekkti hann hitt fólkið í leigubifreiðinni. Hann skýrði svo frá, að ákærði hefði verið með læti, rifist við bróður sinn og rekið hann út úr bifreiðinni í Garðabæ. Ingólfur Ómar hafi ekki dregist inn í rifrildi og engin spenna tengst veru hans í bifreiðinni.

Vitnið Thelma Michele lýsti framkomu ákærða í leigubifreiðinni þannig, að hann hefði verið með ölvunarrugl og „derring“. Hún mundi ekki eftir að hann hefði sagt: „Ég skal drepa þig“ eða „Ég skal drepa ykkur.“ Hún kvað ekkert hafa verið rifist á leiðinni frá Hafnarfirði, en einu sinni eða tvisvar hafi verið stansað vegna þess að ákærði hafi ætlað að henda Ingólfi Ómari út úr bifreiðinni að tilefnislausu.

Ákærði kvaðst hafa verið í vondu skapi á leiðinni af því að farist hefði fyrir að hann keypti fíkniefni í Reykjavík eins og hann hefði ætlað sér. Hann kvaðst minnst þess að hafa rifist við Ingólf Ómar án nokkurs tilefnis. Hann mundi eftir að hafa gengið inn í verbúðina að ferð lokinni ásamt Thelmu Michele og Ingólfi Ómari.

F.

Vitnið Thelma Michele skýrði frá atvikum eftir að í verbúðina var komið í meginatriðum á eftirfarandi hátt:

Þau fengu sér í glas, hlustuðu á tónlist og hún settist niður við að skrifa bréf. Ákærði fór allt í einu eitthvað að æsa sig, tók flösku og fleygði henni niður stigann. Síðan fór hann fram í eldhús og kom aftur sveiflandi hnífi. Ingólfur Ómar stóð á gólfinu, en ákærði hrinti honum þannig að hann lenti á svefnbekknum sem nær var dyrunum. Ákærði og Ingólfur Ómar höfðu ekki verið að deila og engin átök verið milli þeirra. Hún settist við hlið Ingólfs Ómars. Ákærði hélt áfram að sveifla hnífnum þegjandi í

kringum sig og framan í þau. Ingólfur Ómar sýndi enga tilburði til að bera hönd fyrir sig og virtist sljór, líkt og hálfsofandi, sökum drykkju. Hún sagði ákærða að hætta og sparkaði í hann, en án árangurs. Tókst henni að komast fram hjá honum og hljóp hún út úr húsinu til að leita hjálpar. Hurdína á neðri hæð að uppganginum skildi hún eftir opna.

Ákærði kveðst aðeins muna eftir atvikum á köflum eftir að hann kom í íbúð sína í verbúð Brynjólfs hf. ásamt Ingólfi Ómari Þorsteinssyni og Thelmu Michele Cherry. Frá þeim skýrir hann í aðalatriðum þannig við yfirheyrslur fyrir dómi þ. 11. janúar og 1. febrúar sl.:

Ákærði kveðst, skömmu eftir að inn var komið, hafa farið úr jakka, sem við vettvangskönnun reyndist vera á sófaborði, og gallabuxum, sem voru á eldhúsgólfi. Armbandsúrið, sem fannst á gólfi herbergis hans, kannast hann ekki við að hafa séð áður og veit ekki hvers vegna hljóðdós var þar, sem raun ber vitni, en hún hafði verið á plötuspilaranum kvöldið áður.

Hann kveðst hafa verið að drekka áfengi, spilað tónlist af snældu og rifist við fólkið „eins og vanalega“.

Um nánasta aðdraganda voðaverknaðarins segir ákærði að hann muni ekki eftir átökum milli þeirra Ingólfs Ómars, en eitthvað hafi þeir verið að ýta hvor við öðrum. Hann minnst þess að hafa haldið á hnifi og geti vel verið að hann hafi sveiflað honum í kringum sig. Eitthvað hafi hann öskrað á Ingólf Ómar og Thelmu Michele. Hann kveður Ingólf Ómar hafa reynt að veita viðnám með því að taka í hönd hans eða handlegg, og til átaka hafi komið milli þeirra um hnifinn. Síðan hafi „slokknad á sér“ þar til hann hafi séð Ingólf Ómar liggjandi á gólfinu og var blóð á honum. Hann man ekki eftir að hafa farið inn í eldhúsið eða niður stigann til að loka hurðinni.

Ákærði staðhæfði að hann hefði ekki haft neina ástæðu til að vilja Ingólf Ómar feigan og engan ásetning haft um að deyða hann. Hann kvað það vera algengt orðbragð í kunningjahópi sínum að manndrápshótanir væru viðhafðar. Hann gaf þá skýringu á óeðlilegum fjölda hnifa í eldhússkúffu að þeir hefðu fylgt íbúð sem hann hafði áður í verbúðinni og hann tekið þá með sér við flutninginn.

II.

Laugardaginn 30. ágúst 1986 var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt um þjófnaði úr skápum starfsmanna Stálsmiðjunnar, Brunnstig 3, Reykjavík. Meðal þess, sem hvarf, var tékkhefti frá Alþýðubankanum hf. Við rannsókn upplýstist að piltur, sem brotist hafði inn í Stálsmiðjuna, hefði gefið ákærða eyðublað nr. 966393 úr heftinu. Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt að hafa útfyllt eyðublaðið eins og greint er í ákæru og notað það til að greiða leigubifreiðastjóra fyrir akstur kr. 700.00 - kr. 800,00, en

mismunur fengist greiddur í reiðufé og verið notaður til áfengiskaupa. Tékkann framseldi ákærði á réttan hátt.

Þórður Leví Björnsson leigubifreiðastjóri, Hraunbæ 60, Reykjavík, hefur krafist þess að ákærði verði dæmdur til þess að greiða sér tékkafjár-hæðina og hefur ákærði samþykkt kröfuna.

III.

1.

Mánudaginn 11. maí 1987 kl. 05:30 var lögreglan í Reykjavík kvödd að Laugavegi 36 vegna ölvaðs manns, er lægi í sorpgeymslu á baklóð. Reyndist þar um að ræða ákærða í máli þessu. Meðferðis hafði hann Timex gullur með gullarmbandi, svo til nýtt, og sjónvarpsfjarstýringu.

Ákærði hefur skýrt svo frá að hann muni ekki hvernig hann komst yfir þessa hluti. Benjamin Gunnlaugsson, Bergstaðastræti 11 B, Reykjavík, hefur borið, að ákærði hafi verið gestkomandi á heimili hans fyrir um nóttina undir áhrifum lyfja eða áfengis og þá hnuplað framangreindum munum.

2.

Á sama tíma og að framan greinir (kaflí III, 1) var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að þjófabjalla væri í gangi í úrsmíðaverslun F. Michaelsen, Laugavegi 39, Reykjavík. Reyndist rúða í framhurð verslunarinnar vera brotin og á gólfi var stór grjóthnullungur. Fyrir utan verslunarhurðina voru blóðdropar, en ákærði var illa skorinn á jaðri hægri handar og blæddi talsvert úr sárinu. Eigandi verslunarinnar kom á staðinn og taldi að ekkert væri horfið úr henni.

Ákærði kveðst ekkert geta sagt um rúðubrotið, hvort hann hafi verið þar að verki eða ekki, þar sem hann muni ekkert eftir sér og viti ekki hvernig hann hafi hlotið skurðsárið.

3.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa brotist inn í lögmannsskrifstofu Ingvars Björnssonar og Péturs Kjerúlfs, Strandgötu 21, Hafnarfirði, aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1987 og tekið þaðan 14 tékkhefti, sem voru í skrifborðsskúffu. Í heftunum voru engin blöð. Ákærði hafði verið handtekinn vegna ölvunar á almannafæri og var þá með tékkheftin, er lögreglunni barst kæra vegna innbrotisins.

4.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt sunnudagsins 28. júní 1987 brotist inn í húsakynni

Osta- og smjörsoleunnað að Bitruhálsi 2, Reykjavík, í leit að verðmætum í þjófnáðarskyni.

Ákærði var undir áhrifum áfengis og komst inn með því að brjóta rúðu í hurð fyrir bifreiðageymslu. Hann rótaði til í skrifbörðum í skrifstofuherbergjum og á lager, sprengdi upp skúffur og fleygði þeim út um gólf. Hann lokaðist inni á lagernum, þar sem hurðin var útbúin með raflæsingum og ekki opnanleg að innanverðu nema fyrir kunnuga. Þar var komið að honum um miðjan næsta dag.

5.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt miðvikudagsins 1. júlí 1987 brotist inn í húsakynni Mjólkursamsölu og Kistufells að Brautarholti 16, Reykjavík, og stolið í húsakynnum Mjólkursamsölu Pentax ljósmyndavél, áfengisflösku og tveimur tékkum, öðrum að fjárhæð kr. 20.000,00 og hinum án fjárhæðar, sem hann fyllti út með fjárhæðinni kr. 3.000,00 og notaði þannig.

Ákærði komst inn í húsið með því að brjóta rúðu á jarðhæð og braut hann upp hurðir á þremur hæðum hússins, en á hinni efstu þeirra er skrifstofa Mjólkursamsölu.

6.

Með skýrslum ákærða hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði braust aðfaranótt föstudagsins 3. júlí 1987 inn í húsakynni Kistufells og Mjólkursamsölu, Brautarholti 16, Reykjavík, og stal frá Mjólkursölu tókkefti frá Búnaðarbanka Íslands, Miðbæjarútibúi, með upp undir 20 ónotuðum eyðublöðum, svo og skrauthnífi.

Innbrotið í húsið var framið á sama hátt og fyrr (kaflí III, 5). Auk rúðubrotsins voru 2 hurðir að stigagangi á 3. hæð hússins brotnar.

Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður og „dópaður“ og ekkert muna eftir innbrotinu.

Vegna brota ákærða, sem umræðir í þessum kafla og kafla III, 5, hafa verið gerðar bótakröfur: Mjólkursalan kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá innbrotstegi til greiðsludags og Kistufell kr. 72.960,00. Ákærði hefur samþykkt kröfurnar.

7.

Ákærði hefur viðurkennt við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa aðfaranótt laugardagsins 15. ágúst 1987 brotist inn í Prentstofuna, Hverfisgötu 32, Reykjavík, og stolið úr íbúð eigandans í sama húsi

myndbandstæki af gerðinni Beta Universum og sambyggðum hljómflokkum af gerðinni Silver.

Innbrotið framdi ákærði með því að brjóta gler í opnanlegum glugga. Þýfið fannst í herbergi hans í verbúð Brynjólfs hf.

8.

Að morgni laugardagsins 29. ágúst 1987 braust ákærði inn í fiskverksunarhús Brynjólfs hf., Njarðvík, og braut sér leið inn í skrifstofu verkstjóra, Björns Ágüsts Jónssonar, á 2. hæð. Hann hafði daginn áður séð, að launaumslög voru geymd þar í skrifborðsskúffu. Skúffan var læst, en með lykli í skránni. Tók ákærði umslög með launum starfsmanna fyrir-tækisins, sem höfðu ekki sótt þau við útborgun daginn áður eða 2 fyrri föstudaga.

Björn Ágúst Jónsson krafðist þess í fyrstu að ákærði yrði dæmdur til að greiða Brynjólfi hf. kr. 54.751,00, en síðar var krafan lækkuð í kr. 50.107,00 þar sem í ljós kom, að launaumslag hafði verið afhent eiganda, án þess að hann kvittaði fyrir móttöku. Bótakröfunni til stuðnings hafa verið lögð fram gögn úr bókhaldi fyrirtækisins, sem sýna hverjir starfsmanna höfðu ekki kvittað fyrir móttöku launa. Ákærði hefur samþykkt að greiða kr. 25.000,00 og kveður þýfið ekki geta hafa numið hærri fjárhæð. Í herbergi hans fundust kr. 4.856,00. Peningana notaði ákærði að öðru leyti til skókaupa og til að kosta ferð til Reykjavíkur (sbr. kafla I, A). Hann gat þess, að fyrirframgreiðslur hefðu nokkuð verið tíðkaðar.

IV.

Hannes Péturssyni yfirlækni var falið að rannsaka geðheilbrigði ákærða. Verða hér á eftir teknir upp niðurlagskaflar skýrslu hans, sem dagsett er 29. september 1987:

„Geðskoðun:

Geðslag Einars einkenndist í upphafi af nokkurri spennu og einnig skorti nokkuð á samvinnufýsi hans í viðtölum. Hann bar stundum fyrir sig að hann vildi ekki ræða málín og að undirritaður gæti leitað upplýsinga annars staðar. Þegar leið á seinni hluta rannsóknarinnar varð Einars hins vegar jákvæðari og skýrði greiðlegar frá, en eftir sem áður var erfitt að fá hann til þess að tjá sig um persónuleg málefni. Ekkert sérstakt var athugavert við almenna hegðan Einars, útlit, hreyfingar eða klæðaburð. Tjáning og tal voru að mestu eðlileg. Aðspurður um það hvort hann fyndi til sektarkenndar vegna þessa verknaðar svaraði Einar: „Nei, það var erfitt fyrst að fatta þetta, átti ekki að ske, hefði getað komið fyrir hvern sem er.“ Einar lítur á verknað þann er hann er grunaður um sem slys. Að

öðru leyti voru tilfinningaviðbrögð Einars í samræmi við umræðuefnið hverju sinni.

Við skoðunina greindust ekki einkenni svo sem ofskeytni, haldvillur eða sérviskulegur hugsunarháttur er bent gætu til meiriháttar geðveiki. Ekki varð heldur vart einkenna um meiriháttar taugaveiklun. Aðspurður um hverjum augum hann liti framtíð sína sagði Einar: „Erfitt að hugsa um framtíðina, fer allt eftir dómnum, ef ég fæ 16 ár þá er engin framtíð.“ Minni Einars svo og dómgreind og hæfileiki til afstæðra hugsana og einbeitingar virtist óskert og hann var fyllilega áttáður á stað, stund og eigin persónu.

Ályktun:

Að mínu áliti er Einar Sigurjónsson hvorki haldinn formlegri geðveiki né greindarskortri. Hins vegar tel ég að hann sýni merki alvarlegra persónuleikatrufllana, sem meðal annars hafa komið fram í alvarlegum atferlivandkvæðum allt frá bernsku, lélegri skóla- og atvinnusókn, áfengissýki, fíkniefnaneyslu, lyfjamisnotkun og endurteknum afbrotum. Hugsanlegt er að eitthvað af framangreindum vandkvæðum eigi að hluta rætur að rekja til erfiðra uppeldisskilyrða. Einar hefur tvívegis á þessu ári reynt að leita sér meðferðar vegna áfengissýki og fíkniefnaneyslu, en ekki tekist að færa sér meðferðina í nyt.

Minnstruflanir þær er Einar lýsir eru í samræmi við mikið magn áfengis í blóði, eins og niðurstöður alkóhólrannsóknarinnar gefa til kynna. Af viðtölum og málsgögnum virðist líklegast að aðdragandi og orsök verknáðar þess er Einar er grunaður um hafi verið missir sjálfsstjórnar í kjölfar rifrildis undir miklum áfengisáhrifum. Þó líklegt megi því teljast að dómgreind Einars hafi verið sljógvað vegna ölyunar þegar atburðurinn átti sér stað þá verður þó að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Einars Sigurjónssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

V.

Við frumrannsókn lögreglunnar í Keflavík verða gerðar eftirfarandi athugasemdir:

Óhjákvæmilega nauðsyn þykir ekki hafa borið til þess, eða að það verði talin eðlileg viðbrögð, að ummerkjum á vettvangi væri raskað áður en ljósmyndir voru teknar eða/og ráðstafanir gerðar til nákvæms vettvangsuppdráttar. Enn bagalegri fyrir rannsókn málsins reyndist óhæfilegur dráttur sem á því varð að sérfræðileg líkskoðun væri látin fram fara.

Öll vitni málsins voru eiðfest að undanskildum heilsugæslulækni, prófessor í réttarlæknisfræði og Thelmu Michele Cherry. Um síðastnefnt vitni var bókað, að dómarrinn sæi sér ekki fært eða að séð yrði næg ástæða

til að heitfesta það. Sækjandi og verjandi lýstu sig sammála þeirri afstöðu. Sammæli var einnig um það að ekki væri rökbundið tilefni samprófunar.

VI.

Sannað er með framburði ákærða, vætti vitna og öðrum gögnum málsins, að ákærði svipti Ingólf Ómar Þorsteinsson lífi með hnífssungu í hjartað laugardaginn 29. ágúst 1987, eins og nánar er lýst í I. kafla ákæru. Hefur hann með því unnið til refsingar samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með rannsókn málsins þykir hafa verið leitt í ljós að ákærði hafi án tilefnis veist að Ingólfi Ómari Þorsteinssyni sem á hinn bóginn hafi snúið til varnar eftir því sem honum var unnt. Þá benda sakargögn eindregið til þess að eftir framningu brotsins hafi ákærði farið fram í eldhús, niður stiga og læst hurð að verbúðinni og að lokum farið í herbergi þaðan sem gleggst mátti sjá til mannaferða að húsinu. Vegna þokukenns hugarstands, sem hlýtur að hafa leitt af megnri áfengisvimu ákærða, verða örugg líkindi ekki að því leidd hvenær ásetningur hafi myndast eða hversu styrkur hann hafi verið. Ákærða hlaut hins vegar að vera ljóst hvaða afleiðingar væri langlíklegast að af því hlytust, þegar hann rak hnífinn í brjósthol Ingólfs Ómars.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins að hann hafi gerst sekur um brot það, sem greinir í II. kafla ákæru, og með því brotið gegn 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Með skýrslum ákærða og öðrum sakargögnum er sannað, að hann hafi gerst sekur um brot þau, sem lýst er í III. kafla, tölul. 1 og 4 - 8, ákæru-skjals, en þó verður lagt til grundvallar varðandi 8. tölulið, sbr. 108. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, að þýfi í fiskverkunarhúsi Brynjólfs hf. hafi numið kr. 25.000,00. Hefur hann með því unnið til refsingar samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga hvað varðar tölul. 1 og 5 - 8, en 244. gr., sbr. 20. gr., sömu laga hvað varðar 4. tölulið.

Ekki þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um brot það, sem lýst er í III. kafla, tölul. 2, ákæru. Samkvæmt 108. gr. laga nr. 74, 1974 ber að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

Sannað er með játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, að ákærði braust aðfaranótt laugardagsins 20. júní 1987 inn í lögmannsstofu Strandgötu 21, Hafnarfirði, eins og lýst er í ákæru, III. kafla, 3. tölulið. Hann tók í heimildarleysi 14 tékkhefti án eyðublaða. Þau höfðu ekki fjárgildi og ber að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði, þar sem „ölöglegt fjártjón að sama skapi“ er eitt af skilyrðum auðgunarbrota skv. XXVI. kafla laga nr. 19, 1940, sbr. skýringar við 243. gr. laganna.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr., 78. gr. og 255. gr.

almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 12 ár. Rétt þykir samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga að gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 komi refsingu til frádráttar með fullri dagatölu.

Ákærði verður dæmdur til að greiða skaðabætur sem hér segir:

Þórði Lévi Björnssyni, Hraunbæ 60., Reykjavík, kr. 2.500,00, Mjólkursamsölunni kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá 3. júlí 1987 til greiðsludags, Kistufelli, Brautarholti 16, Reykjavík, kr. 72.960,00 og Brynjólfi hf., Njarðvík, kr. 25.000,00.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000,00 og saksóknarlaun til ríkissjóds kr. 60.000,00, en sækjandi var Guðjón Magnússon, fulltrúi ríkissaksóknara.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Sigurjónsson, sæti fangelsi 12 ár.

Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 30. ágúst 1987 skal koma með fullri dagatölu refsingu hans til frádráttar.

Ákærði greiði Þórði Lévi Björnssyni, Hraunbæ 60, Reykjavík, kr. 2.500,00, Mjólkursamsölunni kr. 67.166,00 ásamt dómvöxtum frá 3. júlí 1987 til greiðsludags, Kistufelli, Brautarholti 16, Reykjavík, kr. 72.960,00 og Brynjólfi hf., Njarðvík, kr. 25.000,00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóds, kr. 60.000,00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000,00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.